



## Skýrsla um samráð

### Efni samráðs

Grænbók um fjarskipti

### Samráð hófst

7. júlí 2021

### Samráði lauk

11. ágúst 2021<sup>1</sup>

### Fjöldi umsagna

8

### Umsagnaraðilar

Umsagnir bárust frá eftirtöldum aðilum: Ríkisútvarpinu ohf., Securitas hf., Vesturbyggð, Mílu ehf., Gagnaveitu Reykjavíkur ehf., Sambandi íslenskra sveitarfélaga, Fjórðungssambandi Vestfirðinga og Símanum hf.

### Samantekt um umsagnir og viðbrögð

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið og fjarskiptaráð þakkar umsagnaraðilum fyrir þeirra innlegg í tengslum við grænbók í fjarskiptum.

Umsagnaraðilar lýsa ánægju með að stjórnvöld hugi nú að endurskoðun fjarskiptaáætlunar. Jafnframt kemur fram almenn ánægja með efnistöku grænbókarinnar þ.m.t. umfjöllun um stöðumat í málaflokkum, lykil viðfangsefni og drög að áherslum. Gagnrýni á þessa þætti beinist aðallega að skorti á umfjöllun um ábyrgð, áherslur og verkefni einkum Ríkisútvarpsins ohf., Þjóðskrár Íslands og Fjarskiptastofu.

Unnið hefur verið eftir opinberum stefnum stjórnvalda í fjarskiptum samfelld frá árinu 2005 og virk samkeppni ríkir á fjarskiptamarkaði gagnvart meirihluta landsmanna. Margar af helstu áskorunum í fjarskiptum hafa legið fyrir í töluverðan tíma líkt og umsagnaraðili bendir réttilega á. Því er skiljanlegt að langflestar ábendingar og tillögur í umsögnum gangi í raun lengra en efni standa til gagnvart efnistöku grænbókar og varði í raun gerð hvítbókar og eiginlegrar stefnu og aðgerðaáætlunar í formi þingsályktunar, sem hugað verður að snemma á næsta kjörtímabili.

---

<sup>1</sup> Tveir aðilar óskuðu eftir og fengu frest til þess að senda inn umsagnir eftir að formlegur samráðstími rann út.

Af þeim sökum er ekki tímabært að taka formlega afstöðu til þeirra. Öllum umsögnum á öllum stigum vinnu við grænbók verður þó haldið til haga og hafðar til hliðsjónar við gerð hvítbókar ef svo ber undir, ásamt nýjum áherslum ráðherra, öðrum sjónarmiðum, ábendingum og tillögum.

Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið, að fengnu álitum fjarskiptaráðs, sér því ekki ástæðu til þess að breyta innihaldi fyrirliggjandi grænbókar.

### Helstu málefni sem koma fram í umsögnum aðila

	Regluverk og málefni stofnana	Byggðamál	Stofnnet - ljósleiðari	Aðgangsnnet - ljósleiðari	Aðgangsnnet - farnet	Opinberar grunnskrár	Kynja- og jafnréttissjónarmið	Hagkvæmni	Öryggi og uppitími	Tæknisamruni	Dreifing efnis	Menntun - fræðsla	Umhverfismál
Ríkisútvarpið ohf.		x		x	x				x	x	x		
Securitas hf.									x				
Vesturbyggð		x		x	x		x	x	x				
Míla ehf.	x	x	x	x				x					
Gagnaveita Reykjavíkur ehf.	x	x	x	x		x	x	x	x			x	x
Samband ísl. sveitarfélaga	x	x		x	x	x		x	x				
Fjórðungssamband Vestf.		x		x	x		x						
Síminn hf.	x	x	x	x							x		x

Mikil og almenn áhersla er lögð á ljósleiðara og farnet sem og uppitíma fjarskipta almennt með hliðsjón af byggðamálum. Umtalsverð umræða er jafnframt um stofnnet ljósleiðara, málefni stofnana, uppfærslu regluverks, hagkvæmni í uppbyggingu kerfa og opinberar grunnskrár. Þá er komið töluvert inn á þætti er varða kynja- og jafnréttissjónarmið, umhverfismál og dreifingu efnis. Minna er fjallað um tæknisamruna og fræðslumál sem þó eru mikilvægir þættir sem eru undir ásamt öðrum í næstu skrefum við gerð fjarskiptaáætlunar.

## Samantekt um einstaka umsagnir

### Ríkisútvarpið ohf.

Ríkisútvarpið bendir á að enga beina umfjöllun er að finna í grænbókinni um sértæk viðfangsefni félagsins í rekstri fjarskiptakerfa eða dreifingu efnis um fjarskiptakerfi.

- Þetta er að mestu leyti réttmæt ábending sem skýrist ekki síst af skiptingu málefna innan Stjórnarráðsins samkvæmt gildandi forsetaúrskurði. Rétt er að áréttta að grænbókin fjallar almennt um stofn- eða aðgangskerfi fjarskipta en ekki slík kerfi einstaka fyrirtækja. Fyrirliggjandi áherslur í grænbókinni, sem á eftir að útfæra nánar á seinni stigum stefnumótunarinnar, virðast margar hverjar styðja að einhverju leyti við þá vegferð sem Ríkisútvarpið talar fyrir í sinni umsögn.

### Securitas hf.

Securitas bendir á mikilvægi uppítíma farneta svo að öryggisbúnaður félagsins geti helst öllum stundum verið í fjarskiptasambandi, einkum utan þéttbýlis.

- Fyrirliggjandi áhersla í grænbókinni um að „efla fjarskiptakerfi almennings, m.t.t. öryggis og áreiðanleika“ talar inn í það viðfangsefni.

### Vesturbyggð

Sveitarfélagið Vesturbyggð bendir á mikilvægi margra veigamikilla viðfangsefna í fjarskiptum til skemmri og lengri tíma s.s. ljósleiðaravæðingu byggðakjarna, uppbyggingu 5G einkum þar sem erfitt eða dýrt er að leggja ljósleiðara, endurnýjun NATO-strengsins um Vestfirði, farsamband á vegum og varaafli fyrir farnetssenda. Þá bendir sveitarfélagið á mikilvægi góðra fjarskipta fyrir ákjósanlegt kynjahlutfall á svæðinu.

- Stuðning við þessar áherslur er að finna í fyrirliggjandi áherslum grænbókarinnar.

### Míla ehf.

Míla bendir á að flest þeirra staðfanga sem ekki eiga kost á ljósleiðaratengingu í dag, eiga þó kost á 50 Mb/s nettengingu sem dugi vel fyrir venjulega heimilsnotkun. Uppbygging markaðsaðila á ljósleiðarakerfum í minni byggðakjörnum sé kostnaðarsöm og mun taka einhver ár. Kallað er eftir svigrúmi fyrir markaðsaðila til að ljúka þeirri uppbyggingu þar sem hún er hagkvæm. Stjórnvöld skuli stuðla að hvetjandi reglusetningu og ákvöðunum er kemur að fjárfestingum markaðsaðila sem og fyrirsjáanleika og stöðugleika því tengt. Ljósleiðarahringurinn um landið, sem er að megninu til 30 ára gamall, hefur verið endurnýjaður að hluta og sýnir engin merki hrörnunar. Víða séu til nýjar leiðir til að nýta ef þörf krefur. Félagið telur ekki tímabært að endurnýja stofnstrengi í stórum stíl og bandbreiddarþörf á landshringnum verði frekar mætt með uppfærslu endabúnaðar í það minnsta næstu 10 árin.

### Gagnaveita Reykjavíkur ehf.

Gagnaveitan bendir á mikilvægi samkeppnissjónarmiða, öryggissjónarmiða og uppfærslu regluverks við styrkingu innviða. Að Íslandi ljóstengt loknu standa eftir ljósleiðaravæðing margra byggðakjarna, efling ljósleiðarastofnnetsins um landið og sjónarmið því tengd. Kröfur notenda aukast m.a. í tengslum við náttúruvá og heimavinnu. Samræmi gagna opinberra aðila og flæði þeirra gagna þeirra á milli er ábótavant. Félagið leggur til að stuðlað verði að auknu öryggi stofninnviða fjarskipta þ.m.t. fjarskipta-sæstrengja við útlönd, gagnvart raforkukerfinu og öðrum slíkum kerfum er treysta á fjarskipti. Félagið tekur undir mikilvægi áherslna í

grænþókinni á umhverfisþætti sem og fræðslu til barna og annarra er varðar netöryggi. Áhersla lögð á tæknilegt hlutleysi í fjarskiptalöggjöf.

### Samband íslenskra sveitarfélaga

Sambandið telur forgangsverkefni að gefa öllum heimilum og vinnustöðum kost á ljósleiðaratengingu eða sambærilegri tengingu. Jafnframt eigi að tryggja fjarskiptaöryggi almennings. Þá er bent á að nánari umfjöllun um Þjóðskrá Íslands og framtíðarsýn fyrir stofnunina skorti í grænþókinni og að samráð við sveitarstjórnarstigið um málefni þí hafi minnkað. Sambandið gerir beinar tillögur um; skipun fagráðs, mánaðarlega álagningu fasteignaskatts, fækkun undanþága frá fasteignaskatti og flutning mannvirkjahluta fasteignaskrár til Húsnæðis- og mannvirkjastofnunar.

### Fjórðungssamband Vestfjarða

Fjórðungssambandið leggur til að fjarskiptasjóður verði ekki lagður niður og ekki verði dregið verði úr fjárveitingum til hans sérstaklega ef tafir verða á að ljúka styrktum ljósleiðaraverkefnum árið 2022. Undirstrikað er mikilvægi háhraðanets og háhraðafarnets fyrir dreifðari byggðir og hvatt til skoðunar á samspili ljósleiðara og 5G í byggðakjörnum til að flýta uppbyggingu háhraðanets. Fyrirliggjandi hugmyndir Fjarskiptastofu um gæði háhraðafarnets á vegakerfinu eru ekki taldar nægilega metnaðarfullar hvað Vestfirði varðar. Hvatt er til endurnýjunar NATO-strengsins á Vestfjörðum. Lagt er til að fjallað verði nánar um hvernig nýta megi niðurstöður rannsóknar á áhrifum verkefnisins Ísland ljóstengt á stöðu jafnréttis kynjanna.

- Stuðning við þessar áherslur er að finna í fyrirliggjandi áherslum grænþókarinnar.

### Síminn hf.

Síminn bindur vonir við að meðal næstu skrefa stjórnvalda eftir grænþókina verði að vinna að lausnum og innleiðingu á stefnu um ljósleiðaravæðingu alls landsins með áherslu á raunhæfar og framkvæmanlegar tillögur. Síminn telur að dregið hafi verið úr hvata til fjárfestinga sem hægi á slíkum verkefnum markaðsaðila. Félagið nefnir leiðir til þess að gera fjárfestingar í minni sveitarfélögum fýsilegri fyrir markaðsaðila og erlend dæmi þar að lútandi. Þá telur Síminn áriðandi að settar séu fram skýrar reglur af hálfu hins opinbera um heimild aðila til þess að vinna sameiginlega að fjárfestingum í innviðum fjarskipta og samnýtingu þeirra. Í kafla um umhverfissjónarmið telur félagið að vanti sérstaka umfjöllun um jarðrask og framkvæmdir vegna lagningu innviða sem samnýting aðgangs að óvirkum ljósleiðara, án markaðsgreininga að uppfylltum ákveðnum skilyrðum, geti takmarkað o.fl. Samningur Ríkisútvarpsins við Sýn hf. og tengd atriði eru gangrýnd. Þá gerir Síminn skilvirkni stofnanakerfis að umræðuefni og setur fram hugmyndir þar að lútandi.

### Að loknu samráði

Verkefnisáætlun ráðuneytisins og fjarskiptaráðs um gerð fjarskiptaáætlunar 2022-2036 gerir ráð fyrir að undirbúningur næsta áfanga í mótunar stefnunnar (gerð hvítbókar) hefjist formlega í tengslum við skipun ráðherra á nýju fjarskiptaráði í kjölfar Alþingiskosninga 25. september 2021.